



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 12. apríl 2007
Tilvísun: UST20070200069/6aj

Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 og deiliskipulag frístundabyggðar í landi Miðengis

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps í landi Miðengis og umsögn um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Miðengis, Bústjórabyggð.

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að 18,5 ha lands verði nýtt undir frístundabyggð en fyrir er landið skipulagt sem landbúnaðarsvæði. Í tillögunni er gert ráð fyrir að þéttleiki frístundabyggðar á svæðinu sé frá 0,5 – 1,0 ha lands fyrir hverja frístundahúsalóð.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 16 lóðum undir frístundabyggð og eru lóðirnar á bilinu 7000-9000 m² að stærð. Efnisval sumarhúsanna er frjálst en þau skulu vera í jarðlitum sem fara vel í umhverfi. Húsin mega ekki vera minni en 50 m² og ekki stærri en 200 m². Heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús að hámarki 25 m².

Umrætt svæði er að stærstum hluta á svæði sem er á náttúruminjaskrá, Kerið og Tjarnarhólar og er eftirfarandi lýsing á svæðinu fengin úr skránni:

Kerið og Tjarnarhólar, Grímsneshreppi, Árnassýslu. (1) Kerið og Tjarnarhólarnir ásamt hrauntröðum norðvestan og sunnan við hólana. (2) Kerið er formfagur gígur nyrst í gjallgígaröðinni, sem eru Tjarnarhólar. Fallegar hrauntraðir. Vinsæll áningarstaður í þjóðbraut.


Eins og fram hefur komið er umrætt svæði innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá og í námunda við vinsælan ferðamannastað. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að fara með frístundabyggð nær Kerinu en nú hefur verið gert enda geti frístundabyggð á þessu svæði haft töluverð áhrif á verndargildi svæðisins, t.d. með skertri upplifun ferðamanna sem heimsækja Kerið og haft áhrif á hraunmyndanir sem á svæðinu eru og njóta einnig sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að töluverð umferð ferðamanna er nú um Kerið, sér í lagi yfir sumartímenn. Í 10. gr. reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða kemur fram að við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags skulu skipulagsyfyrirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga. Ekki hefur verið sýnt fram á að hljóðstig á skipulagssvæðinu verði fyrir neðan

Þau viðmiðunarmörk sem sett eru í fyrrgreindri reglugerð, en samkvæmt henni skal hljóðstig frá umferð í sumarhúsabyggð ekki fara yfir 45 dB(A) á sólarhring.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að skipuleggja frístundabyggð á framangreindu skipulagssvæði vegna hættu á að verndargildi svæðisins sem er á náttúruminjaskrá verði spillt.

Virðingarfyllt



Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur



Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun